



FRÉTTABRÉF UMSE

2. tbl. 22. árgangur 2007



Ungmennasamband Eyjafjarðar Aðildarfélög



Fjölskyldan á fjallið

Eins og fyrri ár ætlum við að taka þátt í verkefninu fjölskyldan á fjallið. Síðasta sumar var gestabók okkar staðsett á Böggvisstaðafjalli fyrir ofan Dalvík og verður sami háttur hafður á þetta sumarið. Ákveðið er að efna til hópöngu á fjallið og verður lagt af stað frá Brekkuseli, skála Skíðafélag Dalvíkur, föstudaginn 1. júní kl. 20:00. Þaðan verður gengið upp og gestabókinni komið fyrir.

Verkefnið er hlut af landsverkefni UMFÍ *Göngum um Ísland*. Póstkassar sem innihalda gestabækur eru settir upp á yfir 20 fjöll víðsvegar um landið. Markmiðið verkefnisins er að fá fjölskylduna í léttu fjallgönguferð og stuðla þannig að aukinni samveru, útivist og um leið líkamsrækt. Þeir göngugarpar sem rita nöfn sín í gestabækurnar á fjöllum lenda í potti sem dregið er úr á haustmánuðum og geta því átt von á að hreppa sérstök útivistarverðlaun. Upplýsingar um verkefnið og fleiri gönguleiðir er að finna á www.ganga.is.

86. Ársþing UMSE

86. ársþing UMSE var haldið laugardaginn 24. mars að Árskógi í boði umf. Reynis. Forsetar þingsins voru þau Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Sveinn Jónsson, Kálfskinni. Fjölmarginir gestir heiðruðu þingið með nærveru sinni. Landsmót UMFÍ sem haldið verður í Kópavogi í sumar var kynnt, afmælisrit UMFÍ sómuleiðis. Guðfinna Steingrímsdóttir, formaður frjálsíþróttanefndar UMSE, var sæmd starfsmerki UMFÍ. Fjölmarginir voru til umfjöllunar á þinginu og voru allar framlagðar tillögur samþykktar. Anna Kristín Árnadóttir, Funa, var kosin gjaldkeri og Starri Heiðmarsson, Æskunni, var endurkjörin varaformaður. Í varastjórn voru kosin: Hringur Hreinsson, Æskunni, Eyrún Elva Marinósdóttir, Reyni og Sigurður Kristjánsson, Funa. Aðrir í stjórn eru: Árni Arnsteinsson formaður, Smáranum, Helga Guðmundsdóttir ritari, Svarfdælum, og Jóhanna Gunnlaugsdóttir meðstjórnandi, Þorsteini Svörfuði.

Lýst var kjöri íþróttamanna UMSE. Íþróttamaður UMSE 2006 var kjörinn Björgvin Björgvinsson, Skíðafélagi Dalvíkur og var hann jafnframt Skíðamaður UMSE. Aðrir íþróttamenn voru:

Hestaíþróttamaður UMSE 2006	Stefán R. Friðgeirsson, Hringi
Frjálsíþróttamaður UMSE 2006	Harpa Lind Konráðsdóttir, Reyni
Knattspýnumaður UMSE 2006	Viktor Már Jónsson, Svarfdælum
Körfuknattleiksmaður UMSE 2006	J. Bjarni Skarphéðinsson, Svarfdælum
Blakmaður UMSE 2006	Helga Níelsdóttir, Rimum
Bridgemaður UMSE 2006	Kristján Þorsteinsson
Sundmaður UMSE 2006	Sindri Vilmar Þórisson, Rán

Félagsmálabikar UMSE fyrir árið 2006 hlaut Golfklúbburinn Hamar, Dalvík og vinnuþjarkur 2006 var valinn Starri Heiðmarsson.

Af tilefni 100 ára afmælis umf. Reynis, Árskógsströnd færði Sæmundur Runólfsson Marín Þorsteinssyni formanni félagsins gjöf frá UMFÍ. Einnig sæmdi Sæmundur þau Jón Inga Sveinsson, Sigfríði Valdimarsdóttur og Kristján Sigurðsson starfsmerki UMFÍ.

Frjálsar íþróttir

Nú fer sumarvertíðin að byrja hjá frjálsíþróttafólkinu og eins og áður heldur UMSE úti frjálsíþróttaliði sem keppir undir okkar merkjum á stærri mótum. Breytingar verða á fyrirkomulagi hvað varðar sameiginlegar æfingar fyrir liðið í sumar. Í stað fastra sameiginlegra æfinga einu sinni í viku verða vissar æfingar á hverju félagssvæði opnar fyrir iðkendur. Tímasetningar fyrir þær verða auglýstar síðar.

Helstu mót framundan

Vormót UFA 3. júní, Akureyri

Vormót UMSE 19. og 21. júní, Dalvík

Þorvaldsdalsskokkið 30. júní

Landsmót UMFÍ 5. til 8. júlí

Meistaramót Íslands 12-14 ára 14. til 15. júlí

Meistaramót Íslands 28. til 29. júlí

Unglingalandsmót UMFÍ 3. til 5. ágúst, Höfn í Hornafirði

Bikarkeppni FRÍ, 2. Deild 11. ágúst

Aldursflokkamót UMSE, 14., 16. og 21. ágúst, á Akureyrarvelli

Meistaramót Íslands 15-22 ára 25. til 26. ágúst

Meistaramót Íslands Öldunga 1. til 2. september

Bikarkeppni FRÍ 16 ára og yngri, 8. september

Risalandsmót í Kópavogi

Landsmót UMFÍ 2007 fer fram í Kópavogi 5.-8. júlí í sumar. Fjölbreytt keppni og afþreying verður í boði að eins og svo oft áður og stefnum við hjá UMSE á að vera með fjölmennt keppnislið í samstarfi við UFA. Þær keppnisgreinar sem í boði verða eru: Blak, Borðtennis, Bridds, Dans, Fimleikar, Frjálsar íþróttir, Glíma, Golf, Handknattleikur, Hestaíþróttir, Íþróttir fatlaðra, Knattspyrna, Körfuknattleikur, Siglingar, Skák, Skotíþróttir, Sund og Starfsíþróttir (dráttarvélaakstur, gróðursetning, jurtagreining, lagt á borð, pönnukökubakstur, stafsetning og starfshlaup). Þetta er þó ekki tæmandi listi. Við viljum hvetja alla sem vettlingi geta valdið að mæta á Risalandsmót í Kópavogi.

Unglingalandsmót

Um verslunarmannahelgina verður 10. Unglingalandsmót UMFÍ haldið á Höfn í Hornafirði. Unglingalandsmót UMFÍ er vímuefnalaus fjölskylduhátíð þar sem börn og unglingar á aldrinum 11-18 ára reyna með sér í fjölmörgum íþróttagreinum. Unglingalandsmótin eru með stærri íþróttaviðburðum á Íslandi ár hvert. Á Unglingalandsmótinu á Höfn í Hornafirði verður keppt í frjálsum íþróttum, knattspyrnu, körfubolta, mótorkrossi, golfi, glímu, hestaíþróttum og skák. Fyrirkomulag keppinnar er þannig að allir geta verið með og tekið þátt.

Í boði verður einnig fjölbreytt afþreying fyrir alla meðlimi fjölskyldunnar og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Íþróttakeppnin hefst á föstudagsmorgni og lýkur á sunnudegi. Setningarathöfn mótsins er á föstudagskvöldið. Boðið verður upp á dagskrá öll kvöldin þar sem hljómsveitir og skemmtikraftar halda uppi fjörinu.

Skráningargjald fyrir keppendur er 5.500 kr. og veitir rétt til keppni að vild. Ekkert annað gjald er innheimt því aðgangur að svæðinu og tjaldsvæðunum er ókeypis nema fyrir þá sem óska eftir rafmagni. Tjaldsvæðin eru í göngufæri við keppnissvæðin. Ekkert gjald er tekið fyrir gistingu á tjaldsvæðum og gildir það fyrir alla.

Með þessu viljum við hvetja alla til þess að fjölmenna með okkur á Unglingalandsmótið um verslunarmannahelgina og taka þátt í fjörinu.

<http://www.umfi.is/umfi/unglingalandsmot/>

Þorvaldsdalsskokkið

Þorvaldsdalsskokkið, elsta skipulagða óbyggðahlaup á Íslandi, fer næst fram 30. júní 2007. Lagt er upp frá Fornhaga í Hörgárdal og markið er við Stærri-Árskóg á Árskógsströnd. Vegalengdin er um 25 kílómetrar og er bæði boðið upp á göngu undir leiðsögn Bjarna E. Guðleifssonar náttúrufræðings og hlaupakeppni. Gangan mun hefjast kl. 9:00 og hlaupið kl. 11:00. Forskráning verður á www.hlaup.is og er þátttökugjaldið 1500 kr við forskráningu en einnig er hægt að skrá sig á staðnum gegn 2000 kr gjaldi. Nánari upplýsingar um hlaupið er hægt að fá á www.umse.is/thorvaldsdalur.

Útgefandi Ungmennasamband Eyjafjarðar, Óseyri 2, 603 Akureyri.

Veffang: www.umse.is

Tölvupóstur: umse@bugardur.is

Ábyrgðarmaður: Þorsteinn Marinósson

